


## Notendahandbók

# IC-CPD-hleðslutæki fyrir rafknúíð ökutæki

(**I**n-**C**able **C**ontrol- and **P**rotection **D**evice -  
innbyggður stjórn- og hlífðarbúnaður)



## Efnisyfirlit

### IC-CPD-hleðslutæki fyrir rafknúð ökutæki

1. Almennar upplýsingar .....	2
2. Yfirlit yfir IC-CPD-hleðslutæki .....	3
3. Viðvörðunarkerfi, tákni og skýringarmyndir sem notuð eru .....	4
4. Öryggisleiðbeiningar .....	6
5. Helstu eiginleikar .....	9
6. Kostir og eiginleikar fyrir notanda .....	10
7. Tiltæk hleðsluinntök í ökutæki og tengi í ökutæki .....	11
8. Tiltækar rafmagnssnúur fyrir innstungur á vinnusvæðum .....	12
9. Tiltækar rafmagnssnúur fyrir innstungur á heimilum .....	12
10. Skjár á framhlið á innbyggðum stjórnkassa í snúru (ICCB) .....	14
11. Notkun .....	15
12. Úrræðaleit .....	15
13. Villuleiðrétting .....	15
14. Merkimíði á bakhlið á innbyggðum stjórnkassa í snúru (ICCB) .....	17
15. Viðhald og umhirða .....	18
16. Breytingar á vöru .....	18


17. Förgun .....	19
18. Upplýsingar um ábyrgð .....	19
19. Tæknilysing .....	20
20. Þjónusta .....	21
21. Milliþlata (valbúnaður) .....	21

## Skammstafanir

BEV.. Battery Electric Vehicle (rafknúð ökutæki)
PRCD-S.....Portable switching Residual .....
.....Current Device (færanlegur lekastraumrofi)
EVSE.....Electric Vehicle Supply Equipment .....
..... (aflgjafabúnaður fyrir rafknúð ökutæki)
FCC .....
Federal Communications Commission
... (Eftirlitsnefnd alríkisfjarskipta í Bandaríkjunum)
ICCB .....
In-Cable Control Box .....
..... (innbyggður stjórnkassi í snúru)
IC-CPD. In-Cable Control and Protection Device .....
.....(innbyggður stjórn- og hlífðarbúnaður)
LED...Light-Emitting Diode (ljósdíóða í gamljósi)
PHEV..... Plug-in Hybrid Electric Vehicle
... (hybrid-ökutæki sem hlaðin eru um innstungu)

## 1. Almennar upplýsingar

Þessi notandahandbók byggir á nýjustu upplýsingum um vöruna sem tiltækar eru við útgáfu. APTIV áskilur sér rétt til að breyta vörunni án fyrirvara. Ef vörunni er breytt eða hún aðlöguð á einhvern hátt kann það að leiða til þess að ábyrgð fellur úr gildi, nema það sé gert á viðurkenndu verkstæði.

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi notkun á þessari vöru skaltu hafa samband við söluaðila á þínu svæði. Upplýsingar um viðurkennd verkstæði á þínu svæði er að finna í handbókinni sem fylgir ökutækinu þínu! 

### Upplýsingar um fyrirtækið

Aptiv Services Deutschland GmbH  
Am Technologiepark 1  
D-42119 Wuppertal  
ÞÝSKALAND

Vefsvæði: [www.aptiv.com](http://www.aptiv.com)


## 2. Yfirlit yfir IC-CPD

Þegar einstökum íhlutum kerfisins er lýst er vísað til yfirlitsins hér að ofan.

- A** Hleðsluinntak ökutækis
- B** Tengi ökutækis (➔ bls. 11)
- C** Innbyggður stjórnkassi í snúru (ICCB)
- D** Rafmagnssnúra
- E** Rafmagnstengi
- F** Innstunga í vegg
- G** Skjár á framhlið með LED-ljósum (➔ bls. 14)
- H** Merkiymiði á bakhlið (➔ bls. 17)

### IC-CPD

(Innbyggður stjórn- og hlífðarbúnaður)



### 3. Viðvaranarmerki, tákn og skýringarmyndir sem notuð eru

#### Viðvaranir

##### HÆTTA

Gefur til kynna bráða hættu. Ef þessum fyrirmælum er ekki fylgt leiðir það til **dauða** eða **alvarlegra meiðsla**.

##### VIÐVÖRUN

Gefur til kynna hugsanlega hættu. Ef þessum fyrirmælum er ekki fylgt getur það leitt til **dauða** eða **alvarlegra meiðsla**.


##### VARÚÐ

Gefur til kynna hættulegar aðstæður. Ef þessum fyrirmælum er ekki fylgt getur það leitt til **vægra** eða **minniháttar meiðsla**.

##### ATHUGIÐ

Vekur athygli á aðstæðum sem gætu leitt til eignatjóns, verði þeim ekki forðað.

#### Tákn

 Tilvísun í aðra hluta notendahandbókarinnar

 Tilvísun í önnur gögn eða leiðbeiningar

 Leiðbeiningar um meðhöndlun

### 3. Viðvörðunarkerfi, tákn og skýringarmyndir sem notuð eru

#### Skýringarmyndir



**Leiðbeiningar:**  
Fylgið leiðbeiningunum



**Viðvörðun:**  
Rafspenna



**Viðvörðun:**  
Heitt yfirborð



**Viðvörðun:**  
Hindranir á jörðu niðri



Meðhöndlið með gát

**Leiðbeiningar:** Sýnið aðgát við meðhöndlun á tækinu



**Bannmerki:**  
Engin fjöltengi og millistykki



**Bannmerki:**  
Framlengingarkaplar



**Bannmerki:**  
Látið ekki koma brot á snúruna



**Bannmerki:**  
Forðist beint sólarljós, forðist að þekja



**Bannmerki:** Sökkvið ekki í vatn, haldið frá vatnsbunum og vatnsgusum



**Bannmerki:**  
Haldið frá snjó eða ís



**Bannmerki:**  
Notið ekki hleðslutækið með upprúlluðum rafmagnsnúrum



**Bannmerki:**  
Akið ekki yfir tengil, stjórnkassa og snúrun



**Bannmerki:**  
Notið ekki IC-CPD-hleðslutækið ef tækið er skemmt



**Bannmerki:** Framkvæmið ekki viðgerðir á IC-CPD-hleðslutækinu og opnið hann ekki



**Bannmerki:**  
Takið tengilinn ekki úr sambandi á meðan hleðsla stendur yfir



+50 °C  
að hámm.

-30 °C



+122 °F  
að hámm.

-22 °F

Hitasvið við ræsingu

## 4. Öryggisleiðbeiningar

### ⚠ HÆTTA

#### Raflost eða eldhætta



Notkun á innstungu sem er rangt sett upp getur valdið raflosti eða eldsvoða þegar háspennurafhlaða er hlaðin gegnum hleðsluinntak ökutækisins.

- Notið IC-CPD-hleðslutæki aðeins í rafkerfi með fullnægjandi jarðtengingu
- Vegginnstungan sem notuð er við hleðslu verður að vera tengd við varða rafrás sem samræmist gildandi lögum og stöðlum á hverjum stað
- Innstungan þarf að vera varin með virkum lekastraumslíða (RCCB)
- Fylgið öryggisleiðbeiningunum í uppsetningarhandbók og í handbók ökutækisins

### ⚠ HÆTTA

#### Raflost, skammhlaup, eldsvoði, sprenging



Ef notuð er skemmd eða biluð hleðslunúra eða skemmd eða biluð innstunga, IC-CPD-hleðslutækið er ekki notað rétt eða ekki er farið að varúðarráðstöfunum getur það valdið skammhlaupi, raflosti, sprengingu, eldsvoða og brunasárum.

- Notið ekki IC-CPD-hleðslutækið ef það er skemmt og/eða óhreint. Skoðið snúru og tengi fyrir notkun til að leita að skemmdum eða óhreinindum



- Notið ekki innstungu sem er slitin eða skemmd. Rafmagnstengið verður að sitja þétt í innstungu sem samræmist gildandi reglum og reglugerðum á hverjum stað

Notkun á IC-CPD-hleðslutæki sem tengt er við slitnar eða skemmdar innstungur getur leitt til alvarlegra meiðsla eða eldsvoða!

- Fjarlægjið ekki hlífina og opnið ekki hylkið. Tækið inniheldur enga hluti sem notandi getur sjálfur sinnt viðhaldi við. Öll viðhaldsvinna skal vera í höndum hæfra starfsmanna (sjá upplýsingar um þjónustuverkstæði á ➔ bls. 21)
- Snertið ekki neina íhluti inni í tengi ökutækisins
- Beitið aldrei yfirspennu á IC-CPD-hleðslutækið! Upplýsingar um viðmiðunarráspennu í innstungu fyrir þetta tæki er að finna í tæknilýsingu á merkimiða á bakhlið
- Notið ekki framlengingarsnúru, kapalkefli, fjöltengi, (ferða)millistykki, tímamæli o.þ.h.



## 4. Öryggisleiðbeiningar

- Gerið ekki breytingar eða framkvæmið viðgerðir á rafmagnsíhlutum og opnið ekki tækið



- Snertið ekki snerturnar á hleðsluinntaki ökutækisins og IC-CPD-hleðslutækinu
- Haldið innstungum, tenglum og IC-CPD-hleðslutækinu þurru og látið hvorki raka, vatn, snjó, ís eða annan vökva liggja á því. Sökkvið aldrei tækinu í vatn



- Ef þrumuveður skellur á skal taka IC-CPD-hleðslutækið úr sambandi við innstunguna á meðan þrumuveðrið stendur yfir
- Setjið ekki neina hluti í hleðsluinntak ökutækisins eða í IC-CPD-hleðslutækið

- Aðeins má hreinsa IC-CPD-hleðslutækið ef stjórnbúnaðurinn er að fullu aftengdur bæði rafkerfi og ökutæki. Notið þurran klút við hreinsun
- Einstaklingar undir áhrifum fíkniefna, áfengis eða lyfja mega ekki nota IC-CPD-hleðslutækið
- Einstaklingar sem ekki þekkja vel til notkunar IC-CPD-hleðslutækisins eða hafa ekki lesið notendahandbókina ættu ekki að nota tækið
- Haldið IC-CPD-hleðslutækjum fjarri fötluðum einstaklingum og börnum sem geta ekki metið hættuna sem fylgir meðhöndlun þeirra
- Meðan eftirlitslaus hleðsla fer fram mega einstaklingar sem ekki hafa til þess heimild (t.d. börn að leik) ekki hafa aðgang að IC-CPD-hleðslutækinu

### ⚠ VIÐVÖRUN

#### Sprengihætta eða eldhætta

Upplýsingar um það hvort ökutækið er búið hleðsluinntaki er að finna í handbókinni sem fylgir ökutækinu.

Íhlutir IC-CPD-hleðslutækja geta valdið neistaflugi og íkveikju í eldfimur eða sprengifimum gufum.

- Við hleðslu skal tryggja að stjórnkassinn sé staðsettur í minnst 50 cm fjarlægð frá jörðu, til að draga úr hættu á sprengingum, þá einkum í bílskúrum
- Notið ekki hleðslu- og stjórnþæki í umhverfi sem kann að vera sprengifimt
- Þetta tæki er eingöngu ætlað til hleðslu ökutækja, sem þurfa ekki loftræstingu meðan á hleðslu stendur

## 4. Öryggisleiðbeiningar

### ATHUGIÐ

#### Hleðslu- og stjórn tækin gætu skemmst

- Látið ekki IC-CPD-hleðslutækið renna yfir hvassar brúnir
- Forðist að snúa eða brjóta upp á hleðslusnúruna



- Akið ekki yfir tengilinn, stjórnkassann eða snúrarnar



- Beitið ekki óeðlilega miklum aflfræðilegum þrýstingi á IC-CPD-hleðslutækið



Meðhöndlið með gát

- Notið IC-CPD-hleðslutækið ekki við hitastig sem er utan við heimilað

umhverfishitasvið, eða frá  $-30\text{ °C}$  til  $+50\text{ °C}$ . Notkun við lægra eða hærra hitastig getur valdið skemmdum á tækinu



- Reynið ekki að tengja tækið við ósamhæfan tengibúnað eða hleðsluinntök í ökutækinu
- Notið IC-CPD-hleðslutækið ekki ef snúrur eru undnar



### Tilætluð notkun

- Notið aðeins hleðslusnúruna í beintengingu við vegginnstungu
- Ekki er heimilt að nota hleðslusnúruna til að hlaða ökutæki frá öðrum framleiðendum
- Röng notkun getur leitt til bilana og eignatjóns. Hleðslutækið með samþættum, innbyggðum stjórn-

og hlífðarbúnaði (IC-CPD) frá APTIV er færanlegt hleðslutæki fyrir rafknúinn ökutæki (EVSE) með tengingu við rafkerfi til að hlaða rafknúíð ökutæki (BEV) og hybrid-ökutæki sem hlaðin eru um innstungu (PHEV)


IC-CPD-hleðslutækið (stilling 2) er öruggt, notendavænt og færanlegt tæki sem gerir eigendum rafknúinna ökutækja kleift að tengja og hlaða ökutæki sín nánast hvar sem er, gegnum 100 V–240 V rafkerfi, allt eftir því hver rafspenna á rafkerfum er á hverjum stað og útgáfu tækisins.

Þetta kerfi samanstendur af þremur aðskildum íhlutum sem í sameiningu mynda trausta og áreiðanlega aðferð við að hlaða rafknúíð ökutæki.

- Rafmagnssnúra (gerð tengils fer eftir landsvæði) (➔ bls. 3 og 12)
- Innbyggður stjórnkassi í snúru (ICCB) (➔ bls. 3 og 13)
- Gerð tengils ökutækis (gerð fer eftir landsvæði) (➔ bls. 3 og 11)



## 5. Helstu eiginleikar

- Öryggisstig fyrir notanda, rafknúna ökutækið og IC-CPD-hleðslutækið
  - Jarðtenging (háð tegund)
    - Útgáfan þín er búin jarðtengiskynjara ef eftirfarandi tákn er á merkinu á bakhliðinni
- 
- Útgáfur með jarðtengiskynjara virka ekki í dreifikerfum fyrir rafmagn nema vera með varnarleiðara
  - Fjögur LED-ljós (nákvæm lýsing á framhlið tækisins, ➔ bls. 14)
  - Hleðslurás (PRCD-S) með sjálfvirkri lokun rafrásarinnar
  - Lás með stjórnhnappi til að koma á traustri tengingu milli IC-CPD-hleðslutækisins og tengils ökutækisins (aðeins fyrir gerð 1 og gerð GB/T, ➔ bls. 11)
  - IC-CPD-hleðslutækið er hægt að nota innan- og utandyra. Frekari upplýsingar er að finna á merkimiðanum á bakhlið tækisins (➔ bls. 17)


## 6. Kostir og eiginleikar fyrir notanda

Þetta IC-CPD-hleðslutæki gerir þér kleift að hlaða rafknúna ökutækið þitt (BEV) eða hybrid-ökutæki sem hlaðið er um innstungu (PHEV) án nokkurs aukatækis. Notendavænt tenglakerfi tryggir að tengill ökutækisins smellur beint inn í hleðsluinntak ökutækisins og fyrirliggjandi rafkerfisinnviði. IC-CPD-hleðslutækið tryggir staðlaða, jarðtengda rafmagnstengingu við innstungur í vegg í íbúðarhúsnæði, frá 100 V til 240 V 50/60 Hz (eftir tegundarafbrigði) og hleðsluspennu sem nemur 6 A allt að 16 A, í samræmi við tæknilyngu á bakhlíð stjórnkassa tækisins. 📄

### Rafmagnssnúra ökutækis:

- IEC 62196-1 tenglar, innstungur, tengi í ökutæki og inntaksop í ökutæki – Hleðsla rafknúinna farartækja með leiðslum - 1. hluti: Almennar kröfur
- IEC 62196-2 tenglar, innstungur, tengi í ökutæki og inntaksop í ökutæki – Hleðsla rafknúinna farartækja með leiðslum - 2. hluti: Kröfur um samhæfi í ummálum og skiptihæfi fyrir riðstraumspinna og aukabúnað fyrir snertu og slöngu
- Nálægðarofi sem byggir á örrofa (eingöngu fyrir tengi ökutækis af gerð 1 og GB/T, ➡ bls. 11)

- Hrufóttur hnappur gefur þægilegt og traust grip á stýrilæsing (eingöngu fyrir tengi ökutækis af gerð 1 og GB/T, ➡ bls. 11)
- Þægilegt gúmmíhandfang tryggir hámarksstuðning
- Þegar hleðsluinntak ökutækisins og rafmagnsinnstungan eru rétt tengd eru öll tengi og skaut fullkomlega varin gegn snertingu
- Hitaskynjari
  - IC-CPD-hleðslutækið vaktar hitastigið inni í tenglinum stöðugt til að forðast ofhitnun tengils við tilteknar kringumstæður



## 7. Tiltæk hleðsluinntök í ökutæki og tengi í ökutæki

Mismunandi hleðsluinntök og tengi ökutækis fylgja, eftir því fyrir hvaða land búnaðurinn er ætlaður.




Notið aðeins þann hleðslubúnað sem er samþykktur fyrir viðkomandi land.

### Hleðsluinntak ökutækis

### Tengi ökutækis



### Gerð

### Tiltæk hleðsluinntök



IEC 62196-2  
Gerð 2

- Tvær 3 mm snertuslifar til að stjórna snertingu
- Tvær 6 mm snertuslifar fyrir línu
- 6 mm snertuslif fyrir jarðtengingu



IEC 62196-2/SAE-J1772-2009  
Gerð 1

- Tvær 1,5 mm snertuslifar til að stjórna snertingu
- Tvær 3,6 mm snertuslifar fyrir línu
- 2,8 mm snertuslif fyrir jarðtengingu



GB/T 20234.2  
Gerð GB/T

- Tveir 3 mm snertupinnar til að stjórna snertingu
- Tveir 6 mm snertupinnar fyrir línu
- 6 mm snertuslif fyrir jarðtengingu





## 8. Tiltækar rafmagnssnúður fyrir innstungur á vinnusvæðum

Við hleðslu á hámarkshleðsluheraða skal aðeins nota eftirfarandi tengi.













Hámarkshleðslugeta er allt að 3,6 kW (allt eftir rafkerfi/innanhússtengingu og innbyggða hleðslutækinu).















➔ Takið mið af „Tæknilýsingar“ á bls. 20.

☑ Fylgið öryggisleiðbeiningunum í uppsetningarhandbók og í handbók ökutækisins.

Innstunga	Tengi	Gerð
		IEC 60309-2 CEE 16/3 Gerð millistykkis
		JIS C 8303 (JWDS-0033)


## 9. Rafmagnssnúður fyrir rafmagnsstungur eru fánlegar í mismunandi útgáfum eftir viðkomandi landi

Innstunga	Tengi	Gerð
		NEMA-5-15 Gerð B
		CEE 7/7 Gerð E/gerð F „Schuko“
		BS 1363 Gerð G
		AS 3112 Gerð I
		GB 2099.1 Gerð I
		SEV 1011 Gerð J

Innstunga	Tengi	Gerð
		AFSNIT 107-2 D1 Gerð K
		CEI 23-50 Gerð L
		SANS 164-1 Gerð M
		NBR 14136 Gerð N
		TIS 166-2549 Gerð O
		IRAM 2073 Gerð I
		CNS 690 Gerð B





### Innbyggður stjórnkassi í snúru (ICCB):

- IEC 61851-1 Leiðandi hleðslukerfi fyrir rafknúin farartæki - 1. hluti: Almennar kröfur
- Jarðtengiskynjari
  - Allt eftir búnaðinum mælir innbyggður stjórnkassi í snúru (ICCB) viðnám í varnarleiðara og stöðvar hleðsluna ef mælt gildi verður of hátt
- PRCD-S hleðslurás (varnarbúnaður gegn raflosti)
  - Greinir misræmi í spennu og stöðvar hleðsluna
  - Sjálfsprófun sem gerir mánaðarlega yfirferð eftir ræsingu og fyrir hverja hleðslu óparfa
- KVEIKT/SLÖKKT (ON/OFF) á hleðslurás
  - Heimilar að hleðsla hefjist á ný eftir að tilteknar villur hafa komið upp og að loknum 5 mínútna biðtíma
  - Ef bilun hefur verið lagfærð þarf ekkert inngríp notanda
- Hitaskynjari
  - Innbyggður stjórnkassi í snúru (ICCB) vaktar stöðugt hitastigið inni í kassanum og hindrar þannig ofhitnun við tilteknar aðstæður




## 10. Skjár á framhlið á innbyggðum stjórnkassa í snúru (ICCB)

Framhlið IC-CPD-hleðslutækisins er með fjórum gaumljósum:

-  **POWER (AFL)** logar:  
Rafmagn úr rafkerfi er virkt og IC-CPD-hleðslutækið er tilbúið til notkunar
-  **CHARGING (Í HLEÐSLU)** blikkar:  
Blikkandi ljós merkir að orka berst til ökutækisins
-  **TEMPERATURE (HITASTIG)** logar:  
Innra hitastig er yfir tilgreindu gildi
-  **FAULT (BILUN)** blikkar í rauðu:  
Sýnir bilun í hleðslukerfinu

IC-CPD-hleðslutækið birtir mismunandi samsetningar logandi og/eða blikkandi LED-ljósa, eftir notkunarstillingu hverju sinni.

(Nánari skýringar er að finna á ➔ bls. 17)



## 11. Notkun

Við notkun á IC-CPD-hleðslutækinu skal fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

1. Lesið vandlega og öðlist skilning á handbókinni með ökutækinu og leiðbeiningunum fyrir IC-CPD-hleðslutækið




- ▶ Dragið rafmagnssnúruna á IC-CPD-hleðslutækinu alveg út



2. Gætið þess að snúrunum sé beint með réttum hætti alla leið, til að forðast að fólk hrasí um þær



3. Stingið rafmagnstengilinum í innstunguna




4. Bíðið þar til LED-ljósið fyrir POWER (AFL) logar samfellt




5. Setjið tengi ökutækisins í samband við hleðsluinntak ökutækisins




6. Hleðslan hefst sjálfkrafa



7. Til að stöðva hleðsluna skal aflæsa hleðsluinntaki ökutækisins og fjarlægja tengi ökutækisins




8. Takið rafmagnstengilinn úr sambandi við innstunguna



9. Geymið IC-CPD-hleðslutækið á öruggum stað

## 12. Bilanaleit

1. Skjár: LED-ljósið fyrir **FAULT (BILUN)** blikkar þrisvar og því næst kemur stutt hlé



2. Athugið innstungu í vegg eða verjið IC-CPD-hleðslutækið gegn beinu sólarljósi eða hækun á hitastigi


## 13. Bilunarúrræði

Gerðið eftirfarandi:

1. Fjarlægið tengi ökutækisins úr hleðsluinntaki ökutækisins



2. Takið rafmagnstengilinn úr sambandi við innstunguna



3. Haldið hnappinum niðri í u.þ.b. fimm sekúndur



4. Stingið rafmagnstenglinum gætilega í innstunguna




5. Bíðið þar til LED-ljósið fyrir **POWER (AFL)** logar samfellt



6. Setjið tengi ökutækisins í samband við hleðsluinntak ökutækisins




7. Hleðsluferlið endurræisist sjálfkrafa



### ATHUGIÐ



Ef LED-ljósið **FAULT (BILUN)** blikkar samfellt í rauðu eftir hleðslu eða við hleðslu skal ekki nota tækið; hafið samband við þjónustuver á svæðinu (➔ bls. 21).





## 14. Merkimíði á bakhlíð á innbyggðum stjórnkassa í snúru (ICCB)

POWER	CHARGING	TEMPERATURE	FAULT	Skýringarmynd	Lýsing
					Enginn rafaflgjafi greindist
					IC-CPD tilbúið til notkunar
					Í hleðslu
					IC-CPD-hleðslutækið er sem stendur að keyra sjálfspöfun
					Hæg hleðsla vegna hækkaðs hitastigs. Hleðslan getur tekið lengri tíma
					Truflun í hleðslu vegna hækkaðs hitastigs í innbyggðum stjórnkassa í snúru (ICCB) Athugið innstungu í vegg eða verjið IC-CPD-hleðslutækið gegn beinu sólarljósi
					Truflun í hleðslu vegna hækkaðs hitastigs í rafmagnstengli
					Bilun (➔ bls. 16)
					Rafkerfi er óvirkt eða ónothæft til hleðslu með þessu tæki. Þjálfaður rafvirki þarf að skoða innstungu í vegg

= ON (KVEIKT)

= OFF (SLÖKKT)

= Blikkandi

## 15. Viðhald og umhirða

### HÆTTA

**Raflost, skammhlaup,  
eldsvoði, sprenging**

Viðvörðun! Til að draga úr hættu á raflosti og skemmdum á tækinu skal sýna fyllstu aðgát við hreinsun á tenglum og yfirbyggingu tækisins.



Hreinsið IC-CPD-hleðslutækið með þurrum klúti. Ekki má nota nein

hreinsiefni eða eldfim leysiefni, svo sem alkóhól eða bensen.



Hreinsun með íðefnum eða önnur snerting við íðefni getur skemmt tækið og er með öllu óheimil.

## 16. Breytingar á vörinni

### VARÚÐ!



Hvers konar breytingar eða aðlögun á vörinni sem ekki eru framkvæmdar á vottuðu þjónustuverkstæði geta leitt til skerðingar á FCC-samræmi og eru með öllu óheimilar.

## 17. Förgun



Förgun á tæki sem hefur verið tekið úr notkun skal vera í samræmi við gildandi lög og viðmiðunarreglur í viðkomandi landi. Aldrei

má farga búnaðinum eða rafhlöðunum sem fylgja með almennu heimilissorpi.

- Tæki sem hefur verið tekið úr notkun skal skila á söfnunarstöð fyrir rafbúnað eða farga með milligöngu söluaðila
- Fargið umbúðaefni í viðeigandi söfnunargáma fyrir pappá, pappír og plast

## 18. Upplýsingar um ábyrgð

APTIV ábyrgist að þessi vara sé laus við galla á hráefni eða smíði, sem og hönnunargalla og gildir sú ábyrgð í eitt (1) ár frá dagsetningu kaupa. Í því tilviki að vara reynist gölluð hvað varðar hráefni, framleiðslu eða samsetningu á gildistíma ábyrgðarinnar mun APTIV, að eigin ákvörðun, gera við eða skipta um gölluðu vöruna. Hægt er að skipta íhlutum sem gert var við og/eða íhlutum sem skipt hefur verið

út hjá APTIV, að þeirra eigin ákvörðun, fyrir annað hvort nýjar eða endursmíðaðar vörur. Þessi takmarkaða ábyrgð tekur ekki til viðgerða á skemmdum vegna rangrar uppsetningar, rangrar tengingar jaðarbúnaðar, truflunar vegna ytri rafbúnaðar, slysa, hamfara, misnotkunar eða nokkurra breytinga sem gerðar eru á vörunni og eru ekki samþykktar skriflega af hálfu APTIV. Allar viðhaldsviðgerðir sem takmarkaða ábyrgðin tekur ekki til skal framkvæma samkvæmt þeirri verðskrá, ákvæðum og skilmálum sem gilda á þeim tíma þegar viðgerðin fer fram.

Öll önnur bein eða óbein ábyrgð á þessari vöru, þ.m.t. ábyrgð á almennu notkunarhæfi og hæfi til notkunar í tilteknum tilgangi, telst hér með útilokuð. Í sumum löndum er ekki heimilt að útiloka óbeina ábyrgð og framangreindur fyrirvari á því hugsanlega ekki við um ykkar aðstæður.

Ef varan samræmist ekki framangreindri ábyrgðaryfirlýsingu á notandi rétt á sértæku úrræði, sem er viðgerð eða skipti á gölluðu vörunni, eins og lýst er ítarlega hér að ofan. APTIV, söluaðili eða þjónustuaðili eða móðurfélag APTIV skal undir engum kringumstæðum bera bótaskyldu gagnvart viðskiptavini eða neinum þriðja aðila vegna tjóns sem áskapar hærrí

kostnað en nemur innkaupsverði vörunnar. Þessi takmörkun nær yfir hvers konar tjón, beint eða óbeint, tjón á hagnaði, tjón á sparnaði eða sértækt, tilfallandi tjón, íþyngjandi eða afleitt tjón, hvort sem er vegna samningsbrots, skaðabótaskylds brots eða annars tjóns, eða ef slíkt tjón áskapast vegna notkunar eða rangrar notkunar á vörunni, jafnvel þótt APTIV eða heimilaður fulltrúi eða söluaðili APTIV hafi fengið ábendingu frá þriðja aðila um slíkt tjón eða aðrar bótakröfur.

Sum lönd heimila ekki útilokun eða takmörkun á tilfallandi eða afleiddu tjóni og því getur verið að framangreind takmörkun eða útilokun eigi ekki við á öllum svæðum.

Ábyrgð þessi veitir notanda sérstakan lagalegan rétt og mögulega annan rétt sem er breytilegur milli ríkja.

**Hafið samband við starfsfólk í þjónustudeild ykkar fyrirtækis. Upplýsingar um viðurkennd verkstæði á þínu svæði er að finna í handbókinni sem fylgir ökutækinu þínu!**

## 19. Eiginleikar

### Tæknilýsing rafkerfis

Afl:	að hámm. 3,6 kW (eftir tegund og útgáfu)
Uppgefinn straumur:	að hámm. 16 A (eftir tegundarafbrigði)
Málspenna:	Eins fasa: 100–240 V ~ (eftir tegundarafbrigði)
Tíðni rafkerfis:	50 Hz–60 Hz
Yfirspennuflokkur:	II
Uppgefið skammtímastraumþol:	< 10 kA rms
Lekastraumrofi:	Gerð A
Verndarflokkur:	II
IP-verndarflokkur:	IP67 (ICCB)
Afbrigði af rafmagnstengli:	Bls. 12 Tiltækir rafmagnstenglar fyrir innstungur á vinnusvæðum Tiltækir rafmagnstenglar fyrir innstungur á heimilum
Tiltæk hleðsluinntök í ökutæki og tengi í ökutæki:	Bls. 11 Tiltæk hleðsluinntök í ökutæki og tengi í ökutæki

### Mál og þyngd

Mál IC-CPD-hleðslutækisins:	Um það bil 95 mm x 220 mm x 59 mm (b x h x d)
Þyngd IC-CPD-hleðslutækisins:	Um það bil 2,35 kg

### Umhverfisaðstæður

Vinnsluhitastig:	-30 °C til +50 °C
Geymsluhitastig:	-40 °C til +70 °C
Rakastig	Allt að 95%, án þéttingar
Hæð yfir sjávarmáli	Að hámm. 5000 m yfir sjávarmáli


### Viðmiðunarreglur og staðlar

Tilskipanir Evrópusambandsins:	<ul style="list-style-type: none"> <li>• 2014/35/ESB, 2014/30/ESB</li> <li>• 2011/65/ESB</li> </ul>
--------------------------------	---

Staðlar:	Þetta IC-CPD-hleðslutæki samræmist öllum gildandi IEC- og EN-stöðlum og -reglugerðum að því er varðar landsbundin lög, sem og evrópsk lög og alþjóðalög. Ef nauðsyn krefur eru viðeigandi samræmisýfirlýsingar tiltækar
----------	---

## 20. Þjónusta

Hafið samband við sóluaðila á svæðinu til að fá aðstoð.

Samskiptaupplýsingar er að finna í eigendahandbók ökutækisins! 



## 21. Valkvæð milliplate (eftir tegund)

Fjarlægið milliplotuna þegar hennar er ekki þörf:

